

Ferðamálasamtök Austurlands

Yfirlit um starfsemi samtakanna 2010-2011

lagt fyrir aðalfund SSA haldinn á Hallormsstað 30. sept. - 1. okt 2011

Í upphafi árs 2010 lagðist stjórn FAUST í þá vinnu að undirbúa frágang á formlegum skilnaði við Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu eins og óskað hafði verið eftir af hendi sunnanmanna. Eftir töluverðar umræður, fundi og tölvupósta milli stjórnarmanna á fyrstu mánuðum ársins komust aðilar máls loks að sameiginlegri niðurstöðu varðandi slit á samstarfi milli austur- og suðaustursvæðis og var sú niðurstaða síðan samþykkt á aðalfundi FAUST sem haldinn var á Djúpavogi þann 21. okt. 2010.

Samhliða slitum þessum var gerður samningur þar sem aðilar máls skiptu á milli sín eftirstöðvum skulda FAUST þegar árið hafði að öðru leyti verið gert upp. Umsamin skipting var ákveðin með þeim hætti að 45% skuldarinnar kæmi í hlut FASK og 55% í hlut FAUST. Undir samninginn skrifuðu aðilar að FAUST ásamt Unni Halldórsdóttur formanni Ferðamálasamtaka Íslands.

Lögum FAUST var breytt með þeim hætti að nú eru Ferðamálasamtök Austurlands samstarfs- vettvangur Markaðsstofu Austurlands, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarfélags Austurlands um ferðamál. Markaðsstofa Austurlands tilnefnir tvo af þremur í stjórn og SSA og Þróunarfélagið sameiginlega einn.

Í lok aðalfundar þökkðu stjórnarmenn á báðum svæðum fyrir samstarfið og töldu að þrátt fyrir að gustað hefði stundum á milli í hjónabandinu þá hefði samstarfið í heildina gengið með ágætum. Sömulleiðis ítrekuðu stjórnarmenn beggja svæða óskir sínar um gott samstarf milli svæða til framtíðar. Þar með var þessum tímamótaaðalfundi Ferðamálasamtaka Austurlands slitið.

Strax að loknum aðalfundinum á Djúpavogi var gengið til framhaldsaðalfundar FAUST enda staða samtakanna breytt í ljósi brotthvarfs FASK. Á framhaldsaðalfundinum var kosin ný stjórn, mynduð að stærstum hluta á þeirri eldri og var svo litið á að rétt væri að þeir fengju að ljúka þeim breytingum sem samtökin eru að ganga í gegnum um þessar mundir.

Í þriggja manna stjórn voru kosnir af hálfu Markaðsstofu Austurlands þeir Jónas Hallgrímsson og Skúli Björn Gunnarsson og til vara þær Elfa Hlín Pétursdóttir og Berglind Steina Ingvarsdóttir. Af hálfu SSA og Þróunarfélagsins var Andrés Skúlason kjörinn aðalmaður og Bryndís Reynisdóttir til vara. Skoðunarmenn voru kosnir þeir Sigurjón Jónasson og Björn Ármann Ólafsson.

Á framhaldsaðalfundinum komu ýmis önnur mál til umræðu, m.a. stoðkerfisbreytingar og í framhaldi af þeirri umræðu var gerð svohljóðandi bókun:

„Aðalfundur Ferðamálasamtaka Austurlands haldinn á Djúpavogi 21. október 2010 felur nýkjörinni stjórn samtakanna að fara í skoðun á framtíð samtakanna í samhengi við þá vinnu sem fram fer á vegum SSA um nýjan samstarfsvettvang stoðstofnana á Austurlandi sem og endurskoðun á skipan ferðamála á landsvísu.“

Eftirfylgni með þessu stoðkerfismáli var nú í höndum sérstaks starfshóps sem skipaður var fulltrúum stoðstofnana og sveitarfélaga eftir aðalfund SSA haustið 2010. Í þeim tillögum sem hópurinn hefur lagt fram er gert ráð fyrir að Ferðamálasamtök Austurlands verði enn á ný endurskipulögð með því að steypa þeim saman við það félag ferðaþjónustuaðila sem starfar að baki Markaðsstofu Austurlands og mynda þannig hrein samtök ferðaþjónustuaðila án aðkomu sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að halda aukaaðalfund hjá FAUST í október til að fjalla um og afgreiða þessar tillögur.

Að öðru leyti á þessum umbreytingatímum hefur formaður stjórnar sinnt skyldum sínum á öðrum sviðum samtakanna síðasta árið. Hann hefur sótt stjórnarfundum Ferðamálasamtaka Íslands og fulltrúar FAUST sátu aðalfund þeirra vorið 2011.

*Jónas Hallgrímsson formaður
Skúli Björn Gunnarsson ritari
Andrés Skúlason gjaldkeri*